

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Örvars Arnarsonar.

1. gr.
Heiti.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður Örvars Arnarsonar. Hann er stofnaður til minningar um Örvar Arnarson sem fæddist í Reykjavík 20. nóvember 1972. Hann lést af slysförum í Flóríða 23. mars 2013.

2. gr.
Heimili og varnarþing.

Heimili sjóðsins og varnarþing er í Reykjavík.

3. gr.
Markmið.

Markmið sjóðsins er að styðja við bakið á þeim sem missa ástvini á erlendri grundu með fjárhagslegri aðstoð vegna þess kostnaðar sem fellur til við flutning hins látna heim, í þeim tilvikum þegar engin önnur aðstoð er í boði.

Komi til breytinga á lögum sem hafa það í för með sér að kostnaður við flutning látinna einstaklinga til landsins verði lagður á herðar lífeyrissjóða, opinberra stofnana, ríkissjóðs eða annarra lógaðila, breytist markmið sjóðsins í samræmi við það. Verður nýtt markmið sjóðsins þá að aðstoða fólk fjárhagslega við að koma látnum ástvinum á leiðarenda innanlands, til dæmis frá Reykjavík til sinnar heimabyggðar.

Með þessari aðstoð við aðstandendur látinna ástvina vill sjóðurinn halda minningu Örvars Arnarsonar á lofti.

Stjórn sjóðsins er heimilt að veita fé úr sjóðnum í framangreindu skyni þegar hún sér ástæðu til, hvort sem er að eigin frumkvæði eða þegar umsóknir um aðstoð berast.

4. gr.
Stofnendur.

Stofnendur minningarsjóðs þessa um Örvar Arnarson, kt. 201172-4979 eru: Örn Karlsson, kt. 100544-4669; Ingibjörg Ósk Óladóttir, kt. 261245-5829; Ingólfur Arnarson, kt. 180552-4489 og Þórhalla Arnardóttir, kt. 060764-5819.

5. gr.
Stofnfé og tekjur.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1.200.000. Fjárlag var aflað með golfmóti til minningar um Örvar sem og framlögum ættingja, vina og velunnara Örvars. Sjóðinn ber að ávaxta með tryggilegum hætti.

Tekjur sjóðsins eru arður og vaxtatekjur af stofnfé og öðru fé sem sjóðnum áskotnast, gjafir, áheit og fé sem safnast með viðburðum sem haldnir verða til minningar um Örvar. Öllum er heimilt að styrkja sjóðinn með fjárfamlögum.

6. gr.
Stjórn.

Stjórn stofnunarinnar skal skipuð þremur stjórnarmönnum, skipuðum til 5 ára í senn og geta stjórnarmenn gefið kost á sér til áframhaldandi setu eða skipað sér eftirmenn. Seta í stjórn miðast alltaf við 5 ár.

Við undirritun skipulagsskrár þessarar skulu stjórn sjóðsins skipa: Harpa Þorláksdóttir, kt. 300773-3389; Kristín Guðmundsdóttir, kt. 270853-7149 og Kári Ólafsson, kt. 260180-3129. Stjórnin skal kjósa sér formann á fyrsta fundi. Varamenn stjórnar eru Ingólfur Arnarson, kt. 180552-4489 og Þórhalla Arnardóttir, kt. 060764-5819.

Nr. 602

11. júní 2014

Við úthlutanir úr sjóðnum þarf samþykki allra stjórnarmanna en við aðrar ákvarðanir ræður einfaldur meiri hluti stjórnarmanna. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

Stjórnarmenn skulu ekki hljóta þóknun fyrir störf sín.

7. gr.

Reikningsár og endurskoðendur.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og er fyrsta reikningstímabil frá stofnun sjóðsins og til þar næstu áramóta eftir stofnun hans. Stjórn sjóðsins skal velja einn eða fleiri löggilta endurskoðendur eða skoðunarmenn til að endurskoða reikninga sjóðsins fyrir hvert starfsár. Endurskoðendur eða skoðunarmenn má ekki kjósa úr hópi stjórnarmanna stofnunarinnar.

8. gr.

Breytingar, slit og starfsemi.

Breytingar á skipulagsskrá þessari mega fara fram ef allir stjórnarmenn eru sammála um breytingar á henni. Jafnframt skal leita samþykkis sýslumannsins á Sauðárkróki fyrir breytingunum.

Verði sjóðnum slitið skal eignum hans varið til málefna sem skyld eru hinu upprunalega markmiði sjóðsins. Skulu allir stjórnarmenn sammælast um val á því málefni og skal úthlutun eignanna lokið áður en til slita kemur.

Um starfsemi sjóðsins fer að öðru leyti eftir ákvæðum laga nr. 19/1988 um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá.

9. gr.

Staðfesting.

Leita skal staðfestingar sýslumannsins á Sauðárkróki á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

F.h. sýslumannsins á Sauðárkróki, 11. júní 2014,

Björn Ingi Óskarsson.

Lára Kristín Gísladóttir.

B-deild – Útgáfud.: 26. júní 2014